

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2008

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar dags. 29. janúar sl., frumvarp um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, þskj. 89 - 89. mál, réttargæslumaður hlerunarpola.

Í VII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 (oml) er fjallað um réttindi og skyldur réttargæslumanna brotþola. Í frumvarpi því sem er til umsagnar er umræddum talsmanni hlerunarpola gefið heitið réttargæslumaður. Réttargæslumenn í oml eru fulltrúar brotþola ekki sakborninga. Er því hugtakanotkun frumvarpsins á skjön við uppbyggingu laganna og ætti viðkomandi að hafa réttarstöðu nær því sem gerist um verjanda.

Verður að gera ráð fyrir að um réttargæslumenn samkvæmt frumvarpinu gildi sömu reglur og um réttargæslumenn almennt. Í VII. kafla oml er gert ráð fyrir að réttargæslumaður sé sambandi við og starfi fyrir brotþola t.d. er í 2. mgr. 44. gr. h oml kveðið á um að réttargæslumanni sé heimilt að kynna skjólstæðingi sínum gögn máls þegar hann hefur fengið þau afhent og afhenda honum afrit þeirra. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir ríkari þagnar- eða trúnaðarskyldu réttargæslumanns hlerunarpola. Yrði honum því bæði rétt og skylt að upplýsa skjólstæðing sinn um hlerunaraðgerðir með þeim afleiðingum að þær næðu ekki tilgangi sínum.

Ef taka á í lög úrræði sem þetta yrði að kveða sérstaklega á um trúnaðar- og þagnarskyldu verjandans sem ekki hefur verið gert. Í dönsku réttarfarslögunum er sambærilegt úrræði en þar er einnig gengið svo frá að trúnaðarskyldan sé hafin yfir vafa. Að auki er það álit Ákærendafélagsins að þetta fyrirkomulag henti ekki hér á landi vegna fámennis íslensku þjóðarinnar og hættu á að upplýsingar um hlerunaraðgerðir leki til grunaðs með tjóni fyrir rannsókn.

Ákærendafélagið legst gegn lögtöku frumvarpsins og bendir á að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp að nýjum lögum um meðferð sakamála. Þykir eðlilegt að tillögur þingmannsins komi til skoðunar í tengslum við umfjöllun um frumvarpið í stað þess að gerðar verði breytingar á lögum sem ef að líkum lætur eru að falla úr gildi.

F.h. Ákærendafélags Íslands


Helgi Magnús Gunnarsson formaður**Póstfang:**Ákærendafélag Íslands
Helgi Magnús Gunnarsson
Snorrabraut 83
105 Reykjavík**Sími:**

896 4185

Netfang:

hmg@rls.is

Kennitala:

701107-0550